

Mál nr. 354/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Kona varð fyrir meiðslum er hún rann til á sundlaugarbakka.****Gögn.**

Málskot, móttekið 16.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.11.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um hádegisbil 18. febrúar 2019 rann M á gólfi við bakka sundlaugar í eigu sveitarfélagsins A og varð fyrir meiðslum á hægri ökkla. Í tilkynningu hennar um slysið til V, ábyrgðartryggjanda A, dags. 6. mars 2019, segir að slysið hafi orðið með þeim hætti að hún hafi runnið í polli sem hafi myndast á gólfefni á sundlaugarbakkanum. Engar viðvaranir hafi verið um hálkubletti sem myndast á gólfefninu og samkvæmt umsjónarmanni fasteigna hafi átt á laga þennan galla sumarið eftir. Í málskoti kveður M að nýtt gólfefni hafi verið lagt á sundlaugarsvæðið haustið 2018 en fljótlega hafi farið að bera á göllum á því og það hafi ekki verið lagfært fyrr en sumarið 2019. Starfsmenn sundlaugarinnar hafi vitað af þessum galla en ekki gætt þess að vara sundlaugargesti við hálu gólfinu með viðeigandi merkingum og skiltum., en úr því hafi ekki verið bætt fyrr en eftir slysið. Kveður M að ástand gólfsins hafi brotið í bága við ákvæði 8. og 12. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, þar sem m.a. er kveðið á um að mannvirki og búnaður á sund- og baðstöðum skuli þannig gerður og viðhaldið að fyllsta öryggis og þrifnaði verði komið við og að merkja skuli greinilega ýmsa þætti varðandi öryggi og slysaþættu, svo sem hálfu á laugarbökkum. Hefur M krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún kveðst hafa orðið fyrir við atvikið úr fyrrgreindri ábyrgðartryggingu A hjá V.

V kveður engar lagfæringar hafa verið gerðar á gólfefninu frá því að það var upphaflega lagt og engin þörf hafi verið á slíkum lagfæringum. Aðstæður við laugarbakkann hafi því ekkert breyst frá því slysið varð í febrúar 2019. Gólfefnið sé svokallað Epoxy-kvarts sem notað sé víða við sundlaugar og þar sem bleyta sé á gólfum auk þess sem það uppfylli alla staðla um hálkuvíðnám. Gestir hafi enn fremur verið varaðir við hálu gólfi, m.a. inni í búningsherbergjum áður en haldið er til laugar. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

M kveður að slysið megi rekja til galla í gólfefni á gólfi laugarinnar þar sem hún kvaðst hafa dottið. Ekki kemur fram í hverju gallinn á að vera fólgin. Þá eru staðhæfingar M um galla í gólfefninu og að starfsmenn laugarinnar hafi haft vitneskju um hann ekki studdar neinum gögnum. Þá verður heldur ekki séð að slysið megi rekja til ónógra merkinga til að vara sundlaugargesti við mögulegri hálfu vegna bleytu á gólfum. Með vísan til þessa og gegn andmælum V verður að telja ósannað að slysið megi rekja til atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 8. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.